

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðaáætlun byggðaáætlunar.

Frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur.

1. Hefur ráðuneytið skilgreint hvaða störf sé hægt að vinna utan ráðuneytisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar? Ef svo er, hver eru þau störf?
2. Hve mörg störf er nú þegar búið að ráða í utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar?
3. Hefur ráðuneytið mótað sér áætlun til að uppfylla kröfu byggðaáætlunar um að 5% auglýstra starfa skuli vera án staðsetningar fyrir árslok 2021 og 10% fyrir árslok 2024?

Skriflegt svar óskast.